

almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga. Ákærði greiði til ríkissjóðs 100.000 króna sekt, er afplánist 10 daga varðhaldi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal 80.000 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Harðar Ólafssonar hæstaréttarlögmns.

Þriðjudaginn 31. mars 1981.

Nr. 141/1978. **Guðjón Þorsteinsson**

(Páll A. Pálsson hdl.)

gegn

Baldri Jónassyni og

(Haraldur Blöndal hdl.)

Birni Sigurðssyni,

(Hafsteinn Baldursson hrl.)

Baldur Jónasson

gegn

Birni Sigurðssyni og

Guðjóni Þorsteinssyni

og

Björn Sigurðsson

gegn

Baldri Jónassyni og

Guðjóni Þorsteinssyni.

Vinnuslys. Skaðabótamál. Áfrýjun. Frávísun að hluta. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Magnús P. Torfason og Arnljótur Björnsson prófessor.

Áfrýjandi Guðjón Þorsteinsson hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. september 1978. Hann krefst sýknu af öllum kröfum áfrýjandans Baldurs Jónassonar í málinu og málskostnaðar úr hans hendi fyrir Hæstarétti. Á hendur áfrýjanda Birni Sigurðssyni gerir hann engar kröfur.

Áfrýjandi Baldur Jónasson hefur áfrýjað málinu með stefnu 25. september 1978. Dómkröfur hans eru þær, að áfrýjandi Guðjón Þorsteinsson og áfrýjandi Björn Sigurðsson verði dæmdir til að greiða sér óskipt 80.023.92 krónur (nýkr.) með 7% ársvöxtum frá 13. janúar 1972 til 16. maí 1975, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi beggja framangreindra aðilja bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi Björn Sigurðsson hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 31. október 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 30. s. m. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum Baldurs Jónassonar og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur hans verði lækkaðar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður. Á hendur Guðjóni Þorsteinssyni gerir hann engar kröfur.

Allir málsaðiljar hafa stefnt fyrir Hæstarétt til að gæta réttar síns skiptaráðandanum í Kópavogi f. h. Þrotabús Byggingamiðstöðvarinnar h/f svo og Guttormi Sigurbjörnssyni og Árna Jóhannssyni, en engar kröfur gert á hendur þeim, og þeir hafa engar kröfur gert.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Áfrýjandi Baldur Jónasson áfrýjaði ekki héraðsdómi af sinni hendi fyrr en að liðnum áfrýjunarfresti samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Honum var þó heimil áfrýjun málsins gagnvart Guðjóni Þorsteinssyni, er áður hafði áfrýjað því af sinni hálfu, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Hinn sérstaki áfrýjunarfrestur samkvæmt því ákvæði á hins vegar

ekki við um áfrýjun Baldurs gagnvart Birni Sigurðssyni. Og þar sem Baldur hefur ekki aflað sér áfrýjunarleyfis samkvæmt 2. mgr. nefndrar greinar, ber að vísa áfrýjun hans sjálfkrafa frá Hæstarétti að því er Björn varðar, en um málskostnað þeirra í milli verður dæmt í sambandi við úrlausn á fébótakröfum Baldurs á hendur Birni að því leyti sem héraðsdómur getur komið til endurskoðunar um það atriði vegna áfrýjunar Björns sjálfs.

I. Kröfur á hendur Guðjóni Þorsteinssyni.

Vinnupallar þeir, sem notaðir voru við húsið Þverbrekku 2, voru bornir uppi af járnvinklum, sem hver um sig var festur á útvegg með einum skrúfbolta, steypnum í vegginn. Gat var ofarlega á vinklunum, þannig að þeim mátti smeygja upp á skrúfboltana og herða síðan vinklana að veggnum með ró. Neðar á hverjum vinkli var annað gat eða rauf. Gekkt þar í gegn járnteinn, festur í vegginn, og hélst þá vinkillinn lóðréttur. Þar til gerð göt á steypumótaflekunum réðu því, hvar skrúfboltunum var komið fyrir í steinsteypunni, þegar veggur hverrar hæðar var steypdur. Sömu mótaflekar voru notaðir við að steypa upp hverja hæð fyrir sig. Komu skrúfboltarnir því alltaf á svipaðan stað í útveggnum, og milli þeirra var jafnan það bil, sem fjarlægð milli gata á flekunum sagði til um.

Það er mat héraðsdóms, sem skipaður var byggingafróðum meðdómendum, að varla hafi nokkru mátt skeika við uppsetningu vinnupalla þessara, án þess að hætta hlytist af. Hefur því mati ekki verið hnekkt. Af framburðum vitna og aðilja svo og öðru því, sem fram er komið í málinu, er sýnt, að áriðandi var, að skrúfboltarnir, sem báru uppi járnvinklana, væru nægilega langir og sverir og að þeir væru tengdir við járnabindinguna í steinsteypunni. Á þessu varð misbrestur. Skrúfboltinn, sem sprengdi sig út úr steypunni, var að mati hinna byggingafróðu meðdómenda í héraði of stuttur. Verður á það álit að fallast. Hann hafði enga festingu í járnabindingunni og kom í steinsteypuna mjög nálægt gluggaopi, eða einungis 5.5 cm frá múrbrúninni. Olli þetta hvort tveggja aukinni hættu á, að boltinn næði að sprengja

sig út úr veggnum við álag. Var sú hættu meiri en ella, af því að boltinn hafði skekkst, er hann var steypur í vegginn. Varla gat hjá því farið, ef skrúfboltinn losnaði, að járnvinkillinn snerist til hliðar um járnteininn, eins og raun varð á. Til þess aðgæsluskorts við uppsetningu járnvinklanna og mistaka við festingu skrúfboltans, sem bilaði, má rekja hrun vinnupallsins.

Samkvæmt því, sem telja má leitt í ljós í málinu, hafði Guðjón Þorsteinsson á hendi verkstjórn smiða og verkamanna, sem unnu við húsbýgginguna í þjónustu Byggingamiðstöðvarinnar h/f, þar á meðal við það að setja upp vinnupallana. Er raunar sýnt, að í verki hafði hann á hendi á vinnustað það eftirlit, sem húsasmíðameistara ber þar að hafa, þó að hann á hinn bóginn hafi haft samráð við hinn skráða húsasmíðameistara, þegar honum þótti þörf. Guðjón réð gerð vinnupallanna og sagði fyrir um gerð járnvinklanna, sem báru þá uppi. Bar honum við það að gæta þess sérstaklega, að þeir væru þannig gerðir, að festingar við vegginn væru tryggilegar. Honum bar og vegna verkstjórnar sinnar og umsjónar að ganga úr skugga um, að göt fyrir skrúfboltana væru sett þannig á mótaflekana, að öruggt væri, að boltarnir lentu innan járnabindingar og ekki of nálægt múrbrúnum. Var rík aðgæsla hans í því efni enn brýnni en ella, vegna þess að nota átti mótaflekana við að steypa upp hverja hæðina eftir aðra. Þá var og nauðsynlegt, að hann hefði rækilegt eftirlit með því, að farið væri eftir þeim fyrirmælum, sem hann telur sig hafa gefið, til að boltunum væri þannig komið fyrir í götunum á steypumótaflekunum, að þeir röskuðust ekki, er steypan var sett í mótin. Enn var það, að hann gerði ekki ráðstafanir, sem að gagni mættu koma, til að prófa, hvort óhætt væri að treysta á hinn skakka bolta, þó að hann hefði veitt skekkjunni eftirtekt, áður en vinkillinn var festur og pallgólfið lagt á. Verður að meta Guðjóni allt framangreint til slíkrar vangæslu, að hann beri fébótaábyrgð gagnvart áfrýjanda Baldri á þeim meiðslum, sem hann hlaut, er pallurinn hrundi, en ekki þykja efni standa til að skipta sök.

Fébótakröfu sína sundurliðar áfrýjandi Baldur þannig:

I.	Bætur vegna tíma- bundinnar og varan- legrar örorku	9.000.000 krónur
	Frá dregst:	
1.	Laun frá vinnuveit- anda	552.296 kr.
2.	Bætur frá ábyrgðar- tryggjanda, Bruna- bótafélagi Íslands . .	1.011.140 kr.
3.	Bætur frá Trygginga- stofnun ríkisins	982.206 kr.
		2.545.642 krónur
		<hr/>
		6.454.358 krónur
II.	Miskabætur	1.500.000 krónur
III.	Útlagður kostnaður . .	57.515 kr.
	÷ greitt af Bruna- bótafél. Íslands	9.481 kr.
		48.034 krónur
		<hr/>
		8.002.392 krónur

sem verða 80.023.92 nýkrónur. Verða nú einstakir liðir bóta-
kröfunnar teknir til athugunar.

Um I. Þrír lækna hafa metið tímabundna og varanlega örorku Baldurs Jónassonar vegna slyssins. Þau mót eru ekki að öllu leyti samhljóða. Í útreikningum á örorkutjóni, sem fram hafa verið lagðir í málinu, hefur að nokkru leyti verið á öllum mötunum byggt. Enginn sérstakur ágreiningur er þó með aðiljum vegna þeirra forsendna um læknisfræðilegt örorkustig, sem útreikningarnir eru reistir á, þ. e. að örorka hafi verið þessi:

Frá slysdegi í 1 ár	100%
Eftir það í 3 mánuði	75%
Eftir það í 2 mánuði	50%
Eftir það varanlega	45%

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður nýr útreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings á tapi áfrýjanda Baldurs vegna örorku. Er hann dagsettur 17. október 1979

og reistur á sömu forsendum og fyrri útreikningar að öðru leyti en því, að tekið er tillit til breytinga á kaupgjaldi, sem urðu til þess tíma, er hinn nýi útreikningur var gerður. Í útreikningi þessum áætlað tryggingafræðingurinn tap Baldurs þannig í krónum:

	Áætlaðar tekjur	Tekju- tap
1. árið eftir slysið	476.000	476.000
2. — — —	618.800	322.200
3. — — —	927.400	417.300
4. — — —	1.190.500	535.700
5. — — —	1.570.300	706.600
6. — — —	2.166.000	974.700
7. — — —	3.400.400	1.530.200
8. — — —	4.550.700	2.047.800
Síðan árlega	5.053.000	2.273.900

Höfuðstölsandvirði framangreinds vinnutekjutaps reiknast honum nema á slysegi:

Vegna tímabundinnar örorku	595.100 krónur
Vegna varanlegrar örorku	10.962.900 krónur

Samtals 11.558.000 krónur

Afrýjandi Baldur var alveg frá vinnu í um það bil eitt ár eftir slysið. Hann hóf í janúarmánuði 1973 störf á trésmíða-
verkstæði, en sú vinna og önnur erfiðisvinna reyndist honum um megn. Réðst hann því í maí 1973 til starfa sem næt-
urvörður og hefur gegnt þeim störfum síðan. Á árunum 1972 og 1973 naut hann launagreiðslna frá vinnuveitanda sínum, sem samtals námu 552.296 krónum. Bótageiðslur þær, sem hann fékk frá Brunabótafélagi Íslands og að framan getur, voru innttar af hendi í júní 1974 ásamt vöxtum, sem námu samtals 187.186 krónum. Af örorkubótum frá Trygginga-
stofnun ríkisins fékk hann greiddar 351.377 krónur sem eingreiðslu árið 1973, en síðan aftur 630.829 krónur árið 1976 vegna hækkunar örorkustigs við endurmat á varan-
legri örorku hans.

Þegar litið er til þess, sem fram er komið um atvinnu-
missi áfrýjanda Baldurs og varanlega örorku, og gætt þeirra
greiðslna, sem hann hefur þegar fengið upp í tjón sitt, þar
á meðal þess, hvenær þær voru af hendi inntar, verða bæt-
ur til hans samkvæmt þessum lið ákveðnar 24.000.00 ný-
krónur.

Um II. Þegar gætt er hinna miklu meiðsla, sem áfrýjandi
Baldur varð fyrir við slysið, langrar sjúkrahúsvistar hans
og annars, sem hér skiptir máli, verða bætur þessar ákveðnar
10.000.00 nýkrónur.

Um III. Kröfulið þessum hefur ekki verið sérstaklega and-
mælt tölulega. Verður hann tekinn til greina að öðru leyti
en því, að rétt er að lækka hann um 15.000 krónur (150.00
nýkr.), sem er útlagður kostnaður, er stofnað var til, meðan
mál þetta var rekið fyrir héraðsdómi, og telst því til máls-
kostnaðar. Samkvæmt því verður þessi liður tekinn til greina
með 330.34 nýkrónum.

Samkvæmt framansögðu verður áfrýjandi Guðjón dæmd-
ur til að greiða áfrýjanda Baldri samtals 34.330.34 nýkrónur
(24.000.00 + 10.000.00 + 330.34 nýkrónur) með vöxtum,
sem með skírskotun til forsendna héraðsdóms verða reikn-
aðir frá þeim tíma, er þar greinir. Skulu þeir vera 7% árs-
vextir af 34.000.00 krónum frá 20. júní 1973 til 16. maí 1975,
9% ársvextir af sömu fjárhæð frá þeim degi til 20. júní 1977,
en af 34.330.34 krónum frá þeim degi til 21. nóvember 1977,
16% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvextir
frá þeim degi til 15. júní 1979, 39.5% ársvextir frá þeim degi
til 1. desember s. á., 43.5% ársvextir frá þeim degi til 1. júní
1980, 46% ársvextir frá þeim degi til 1. mars 1981 og 42%
ársvextir frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan
hæstu innlánsvextir, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá
þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað verður staðfest, en
dæma ber áfrýjanda Guðjón til að greiða áfrýjanda Baldri
málskostnað fyrir Hæstarétti. Ákveðst hann 5.000.00 krónur.

II. Kröfur á hendur Birni Sigurðssyni.

Áfrýjandi Björn Sigurðsson tók að sér þá umsjón með smíði

hússins að Þverbrekku 2, sem áskilin er í byggingarsamþykkt Kópavogs, sbr. auglýsingu nr. 63/1968 og auglýsingu nr. 23/1967, kafla 1.9. Var honum af þeim ástæðum eigi aðeins skylt að gæta þess á sínu verksviði gagnvart byggingaryfirvöldum, að verkið væri unnið, eins og áskilið er í kafla 1.9.2. í byggingarsamþykktinni, heldur einnig að sjá um, að ekki væri stofnað í hættu við framkvæmdirnar öryggi manna, sem við húsið unnu, eða annarra, sbr. kafla 1.10.2. Getur það ekki skipt máli um skyldur hans gagnvart þessum aðiljum, hver laun hann fékk hjá Byggingamiðstöðinni h/f fyrir að taka að sér þessa umsjón sem húsasmíðameistari.

Samkvæmt skýrslu Björns sjálfs, framburði áfrýjanda Guðjóns og öðru, sem fram hefur komið í málinu, vann Björn nær ekkert við smíði hússins og sinnti ekki því eftirliti á byggingarstað, sem hér getur skipt máli. Vanrækti hann með þessu þær skyldur, sem hann tókst á hendur með því að gerast húsasmíðameistari að byggingunni, enda verður ekki talið, að hann hafi mátt leggja alla umsjón á byggingarstað í hendur Guðjóns Þorsteinssonar, og það eins fyrir því, þótt Guðjón hafi átt þess kost að ráðfæra sig við hann, er hann sjálfur taldi þess þörf. Alveg sérstök ástæða var til þess fyrir Björn með tilliti til þess, hvers konar hús var um að ræða, að hafa hönd í bagga með Guðjóni við ákvörðun um gerð vinnupalla og uppsetningu þeirra. Kynni nægileg árvekni hans í þessu efni að hafa getað komið í veg fyrir slysið, enda duldust honum ekki annmarkar á festingunni, sem bilaði, er hann kom á vettvang, eftir að það hafði að höndum borið.

Samkvæmt framansögðu verður að staðfesta þá úrlausn héraðsdóms, að Björn sé skaðabótaskyldur gagnvart áfrýjanda Baldri, og getur það ekki í þessu máli leitt til annarar niðurstöðu, þótt út frá því kunni að hafa verið gengið í öndverðu milli Björns annars vegar og Guðjóns Þorsteinssonar og Byggingamiðstöðvarinnar h/f hins vegar, að umsjón skyldi hagað eins og gert var.

Um sakarskiptingu og óbætt tjón áfrýjanda Baldurs vegna slyssins vísast til þess, sem greint var, er fjallað var um

kröfur hans á hendur Guðjóni Þorsteinssyni. En þar sem áfrýjun Baldurs að því er tekur til Björns Sigurðssonar er vísað frá Hæstarétti, svo sem fyrr var frá greint, verða honum ekki dæmdar hærri fébætur úr hendi Björns en héraðsdómur hefur gert, þó þannig, að sú fjárhæð verður lækkuð um 150.00 nýkrónur í samræmi við það, sem áður var greint um III. lið dómkrafnanna.

Verður áfrýjandi Björn því dæmdur til að greiða 31.330.34 nýkrónur (24.000.00 + 7.000.00 + 380.34) ásamt 7% ársvöxtum af 31.000.00 krónum frá 20. júní 1973 til 16. maí 1975, 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 20. júní 1977, en af 31.330.34 krónum frá þeim degi til 21. nóvember 1977 og 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað verður staðfest. Þá ber og að dæma áfrýjanda Björn til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann 5.000.00 nýkrónur. Ber áfrýjanda Birni að greiða allar framangreindar fjárhæðir in solidum með áfrýjanda Guðjóni og gagnkvæmt.

Það athugast, að hinir sérfróðu samdómendur voru ekki kvaddir til dómsetu fyrr en við munnlegan flutning málsins.

D ó m s o r ð :

Framangreindum dómkröfum áfrýjanda Baldurs Jónassonar er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi Guðjón Þorsteinsson greiði áfrýjanda Baldri Jónassyni 34.330.34 krónur ásamt 7% ársvöxtum af 34.000.00 krónum frá 20. júní 1973 til 16. maí 1975, 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 20. júní 1977, en af 34.330.34 krónum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980,

46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan dómvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Af fé þessu greiði áfrýjendur Guðjón Þorsteinsson og Björn Sigurðsson óskipt Baldri Jónassyni 31.330.34 krónur með 7% ársvöxtum af 31.000.00 krónum frá 20. júní 1973 til 16. maí 1975, 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 20. júní 1977, en af 31.330.34 krónum frá þeim degi til 21. nóvember 1977 og 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Akvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað er staðfest.

Áfrýjendurnir Guðjón og Björn greiði óskipt áfrýjandanum Baldri 5.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Í áfrýjunarstefnu krafðist áfrýjandi Baldur þeirrar breytingar á hinum áfrýjaða dómi, að allar kröfur hans fyrir héraðsdómi yrðu teknar til greina. Áskildi hann sér ekki að mega bera fram hærri kröfur fyrir Hæstarétti, hvorki að því er varðaði skaðabótafjárhæð né vexti, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973.

Það felst í atkvæði meiri hluta dómenda, að hvorki nefnt lagaákvæði né aðrar réttarreglur um áfrýjun standi því í vegi, að Baldri verði þrátt fyrir þetta dæmdir hærri vextir af bótafé úr hendi áfrýjanda Guðjóns en héraðsdómur hefur gert að því leyti sem hækkun vaxtakrafna við flutning málsins á rót sína að rekja til vaxtabreytinga eftir áfrýjun þess. Ég er þessu sammála. En úr því að áfrýjanda Baldri

telst heimilt að koma að hækkuðum vaxtakröfum fyrir Hæstarétti gagnvart áfrýjanda Guðjóni án áskilnaðar í áfrýjunarstefnu, tel ég, að réttlætis- og samræmissjónarmið leiði til þess, að taka meg til greina með sama hætti hækkaðar vaxtakröfur hans gagnvart Birni Sigurðssyni við endurskoðun héraðsdóms vegna áfrýjunar af hendi Björns.

Samkvæmt framansögðu tel ég rétt að ákveða sama vaxtafót af dæmdum fjárhæðum úr hendi beggja áfrýjanda Guðjóns og Björns. Með þessari athugasemd er ég samþykkuur atkvæði meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Kópavogs 15. júní 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m. að loknum munnlegum málf lutningi, er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. júní 1977, af Baldri Jónassyni næturverði, Lundi við Nýbýlaveg í Kópavogi, gegn Birni Sigurðssyni húsasmíðameistara, Álfrhólsvegi 10 A, og Guðjóni Þorsteinssyni trésmið, Furugrund 14, Kópavogi, til greiðslu skaðabóta in solidum að upphæð kr. 8.002.392 auk 7% ársvaxta frá 13. janúar 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvaxta frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvaxta frá þeim degi til 21. nóvember 1977 og 16% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda Björns Sigurðssonar er *ad allega* krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans, en til vara, að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Stefndi Guðjón Þorsteinsson krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, til vara krefst hann, að allar kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði látinn falla niður.

Stefnandi hefur stefnt til réttargæslu skiptaráðanda í Kópavogi, Sigurgeir Jónssyni bæjarfógeta, f. h. þrotabús Byggingamiðstöðvarinnar h/f.

Stefndi Björn Sigurðsson hefur stefnt til réttargæslu þeim Guttormi Sigurbjörnssyni, Sunnubraut 10, Kópavogi, og Árna Jóhannssyni, Álfrheimum 8, Reykjavík. Eru engar kröfur gerðar á hendur réttargæslustefndu né gera þeir kröfur.

Samkvæmt fyrirbyggjandi skjölum og gögnum eru tildrög málsins þau, að stefnandi réðst sumarið 1971 í þjónustu Byggingamiðstöðvarinnar h/f í Kópavogi sem verkamaður við byggingu

háhyssins nr. 2 við Þverbrekku í Kópavogi á vegum nefnds félags, og voru framkvæmdir nýlega byrjaðar. Stefnandi gekk að hinum ýmsu verkamannastörfum eftir því sem til féll. Svo sem áður segir, var byggingaraðili hússins Byggingamiðstöðin h/f. Framkvæmdastjóri þess var réttargæslustefndi Guttormur Sigurbjörnsson, en stefndi Björn Sigurðsson var skráður húsasmíðameistari. Stjórnandi á byggingarstað var stefndi Guðjón Þorsteinsson. Múrarmeistari á húsinu var Björn A. Kristjánsson, Kópavogi.

Fimmtudaginn 13. janúar 1972 var stefnandi við störf ásamt stefnda Guðjóni við að setja upp vinnupalla á norðurgafli byggingarinnar á 4. hæð. Voru þeir Guðjón báðir komnir út á pallinn, er festing losnaði, og féllu þeir niður með pallinum um 12 metra niður. Slösuðust þeir báðir mikið, einkum þó stefnandi, sem hlaut 45% varanlega örorku af.

Í vottorði Hauks Árnasonar, skurðlæknis á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík, dags. 20. september 1973, segir m. a. svo: „Hinn 13/1'72 kl. 10.30 kom í Slysadeild Bsp. maður, er kvaðst heita ofanskráðu nafni. Hann kemur í sjúkrabifreið af slysstað.

Við skoðun kom í ljós: Sj. kvartar yfir verkjum í báðum hælbeinum, vinstri legg og baki við komu á Slysadeild. Í heilsufarssögu sj. kemur fram, að hann hafi orðið fyrir sprengjuslysi 11 ára gamall og fékk þá flísar í vinstra auga við að sprengja sprengjuhleðslu. Nokkrum mánuðum síðar var gert að þessum áverka á vinstra auga af Úlfari Þórðarsyni, augnlækni á Landakoti.

Við skoðun við komu í Slysadeild er Baldur með fullri meðvitund, en svolítið sljór, en svarar strax, ef yrt er á hann. Sjúkl. er áberandi þjáður af verkjum í baki, vinstri legg og báðum fótum.

Á höfði er 2½ cm. langur skurður við vinstri augabrún, nokkuð tættur. Þessi skurður var saumaður strax eftir komu í Slysadeild, sérstaklega neðan þessa sárs. Engir aðrir áverkar fundust á höfði við þreifingu. Talsverð blæðing hafði verið úr nefi og þó sérstaklega úr hægri nös.

Við skoðun á ganglimum kom í ljós: Hægri fótur er mjög skekkur út á við og um 6 cm. langur skurður, sem nær frá öklabeini innanvert og niður undir ilina. Nokkuð blæðir úr þessu sári, og er fitubrák á blóðinu, sem greinilega er merki um, að um opið brot er að ræða á hægri fæti. Við skoðun á vinstri ganglim komu í ljós einkenni um brot á vinstri legg, nokkru neðan

hnés, og vinstri fótur var verulega skekktur út á við, með miklum þrota yfir vi. hælbeini.

Við þreifingu yfir hryggjartindum eru mikil eymsli yfir efstu lendarliðum.

Að frumrannsókn lokinni í Slysadeild og áðurskráðri meðferð á sári í andliti var sjúkl. færður á Rtg.deild til nánari rannsóknar. Rtg.myndir af hryggjarliðum sýndu brot á II. lendarlið með mikilli samþjöppun á liðbolnum. Einnig að afturplata þessa hryggjarliðar gekk inn í mænuganginn, sem nam um 5 mm. Mikil gleikkun var á fremra efra horni III., IV. og V. lendarliðar, án verulegrar lækkunar á hæð nefndra liðbola. Rtg.mynd af vinstra hné og fótlegg sýndi, að efri hluti sköflungs var kurlaður sundur í mörg smá brot og nokkur lateral skekkja á brotinu. Í sömu hæð var sperrileggur einnig kubbaður sundur ofan til. Medial condyll vinstri sköflungs var einnig brotinn frá, þannig að brotlína gekk frá aðalbrotlínunni að tuberositas tibiae og upp í hnéliðinn. Myndir af vinstri fæti sýndu, að vinstra hælbein var kurlað í smá fragment. Myndir af hæggra hælbeini, þar sem hann hafði skurð frá malleolus lateralis niður yfir ilina, sýndu, að hæggra hælbein var maskað í mörg smá fragment og mikil destruction á öllum subtalar liðum.

Rtg.myndir af höfði: Aðeins var hægt að taka eina hliðarmynd vegna almenns ástands sjúklings. Á þeirri mynd greindust ekki brot.

Strax að rtg.rannsókn lokinni var Baldur fluttur á skurðstofu og þar gerð aðgerð á sári á hægri fæti, + reynt að setja brot á hælbeini, + lagðar gipsumbúðir frá tám að hnésbót. Brot á vinstra hælbeini og vinstri legg var einnig reynt að rétta til og lagðar circular gipsumbúðir frá tám að nára á vinstri ganglim.

Þar eð sjúkl. hafði brot á lendarliðum og virðist hafa eitt-hvað minnkaðan kraft í ganglimum, sem erfitt var þó að meta vegna áður nefndra áverka á ganglimum, var talið, að þörf væri að gera skurðaðgerð á hryggjarbrotinu, en plötur til að festa því broti voru ekki til á þessu sjúkrahúsi, og við athugun síðar kom í ljós, að þær voru hvergi til á landinu og voru því pantaðar express frá framleiðandanum í Englandi. Við þessa aðgerð blæddi talsvert úr sári á fæti, og fékk sjúkl. eina flösku af blóði, meðan á aðgerð stóð.

Baldur var síðan færður á Gjörgæzludeild, og lá hann þar

fyrsta sólarhringinn. Hann gat ekki kastað af sér þvagi sjálfkrafa, sem var talið stafa af áðurnefndu hryggjarbroti. Því var lagður upp þvagleggur hjá honum og blaðran tæmd af 750 ml. af þvagi, sem var tært. Hann hafði talsverðan hita um kvöldið, eða 38,5 stig. Hann var því settur á Penicilingjöf 1 milljón x 4.

Hinn 16/1 var líðan svipuð. Talsverður þroti var á tám beggja ganglima. Nauðsynlegt reyndist að kljúfa upp og víkka gips á báðum ganglimum. Hann kvartaði mikið yfir verkjum í hælum og spjaldhrygg.

Hinn 18/1 var líðan sjúkl. svipuð. Hann hafði haft nokkru minni hita h. 17/1, en 18/1 hafði hann aftur 38,2. Þar eð greinilegt var, að bið yrði á, að plötur fengjust fyrir hryggjar spengingu, var ákveðið að leggja hann í gipsbeð vegna áðurnefnds hryggjarbrots, og hafði verið gerð gipsvagga fyrir hann 14/1, sem hann byrjaði að nota 17/1. Baldur þoldi þó gipsbolinn fremur illa og gat ekki legið lengur en 5 klst. í gipsbeðnum fyrsta sólarhringinn. Þennan dag var lyfjagjöf breytt úr pencillinsprautum í penbritinbelgi.

Hinn 20/1 var sjúkl. nokkuð sljór og hafði hita eins og áður. Því var taugaskurðlæknir fenginn til að líta á hann. Hann fann þó engin merki um blæðingu í heila. Hiti var heldur minni þennan dag, 37,7. Þvagútskilnaður var góður, og sjúkl. gat kastað þvagi sjálfur, sem hann hafði og gert eftir fyrsta sólarhring.

Hinn 24/1 var líðan sjúkl. heldur batnandi þá síðustu dagana. Var hitalaus þann dag. Tekinn var gluggi á gips á hægri fæti, og reyndist sár þar nánast gróið. Saumar voru fjarlægðir úr sárinu.

Rtg.myndir, sem teknar voru af lungum, frá 17/1, höfðu sýnt þéttingu í hægri lungu, og var óljóst, hvort þar væri um að ræða lungnabólgu eða blæðingu í lunguð. Sennilegt þótti, að langvarandi hiti sjúkl. stafaði frá þessum breytingum í lunganu.

Við endurnýjaða rtg.mynd af lungum 20/1 var að sjá, að hinn langvarandi hiti sjúkl. stafaði frá þessum breytingum í lunganu.

Við endurnýjaða rtg.mynd 20/1 var að sjá, að breytingar í lungu hefðu hreinsast upp. Mynd, sem var tekin þá af mjaðmargrind, sýndi ekki merki um brot. Mynd tekin af höfuðbeinum sýndi ekki brot á beinum umhverfis heilabú og ekki aðrar sjúklegar breytingar. Lyflæknir, sem leit á sjúkl. 19/1, áleit, að breytingar í lungu væru fremur vegna lungnabólgu en vegna blæðinga í lungu. Þessi lungnabólga var þó af orsökum lélegrar öndunar eftir áðurnefndan áverka við slysið 13/1.

Rtg.myndir af vinstri legg sýndu, að lega brotsins á leggnum

var ekki fyllilega rétt, og var því hinn 28/1 gerð ný tilraun til að rétta brotið á vinstri sköflungi og sperrilegg. Sú aðgerð var gerð í Ketalar analegsi. Gipsið var fjarlægt. Talsverður þroti var enn um hælinn, og svolítið drep hafði myndast undan gipsinu, framanvert yfir vinstri ökla. Brotið á leggnum var óstöðugt, og var það í nokkurri valgusstöðu, og var reynt að rétta þá skekkju eftir mætti.

Rtg.mynd af vinstri legg, sem tekin var 31/1, sýndi, að skekkjan á brotstað á vinstri legg hafði réttst að mestu leyti.

Hinn 16/2 er líðan sjúkl. sæmileg. Hann hefir þó aldrei getað legið heilan sólarhring á þeim gipsbeð, sem hann átti að hafa, en verið um hálfan sólarhring samanlagt á gipsbeðnum pr. 24 kl. Skipt var á gipsumbúðum á hægri fæti.

Hinn 22/2 var hætt að láta sjúkl. liggja á gipsbeð, en í staðinn fengið orthopaedískt corset handa honum. Hann fékk að liggja á hliðunum og fékk að fara fram úr lítilsháttar. Hann var í upphafi mjög stírður, er koma átti honum fram úr rúminu, en liðkaðist smám saman.

Hinn 24/2 var gips fjarlægt af hægri fæti, en gips á vinstri ganglim breytt í gips frá ökla að nára. Vegna áverkans á hrygg var Baldur mjög kraftlítill í ganglimum til að byrja með, og háði það honum talsvert við gang, því var tekin rtg.mynd af hægri hæl þann 2/3, og sýndi hún, að um 2 cm. stór óreglulegur spori gekk niður úr hælbeininu, iljarmegin. Greinilegt var, að óþægindi er áðurnefndur beinspori var meitlaður burtu í svæfingu (sic).

Vegna þessa þurfti sjúkl. að liggja í rúminu í viku þar á eftir og gat ekki hafið gönguæfingar. Í ljós kom á þessum tíma, að tær á báðum fótum vildu kreppast nokkuð, og stóð það einnig í sambandi við áverkann á hrygg og mænu. Baldur byrjaði aftur gönguæfingar 16/3, og var hann látinn ganga í göngugrind, þar eð hann gat ekki bjargað sér á annan hátt vegna affleysis í fótum. Talsverður þroti vildi sækja á fætturna við gang, og talsverður þroti var einnig í fótum vegna hælbrotsins, jafnvel þó hann lægi í rúminu. Vegna þessa gat hann ekki notað neina venjulega skó. Hann hafði enn gipsumbúðir á vinstri ganglim, og meðan ekki var hægt að fjarlægja þær, var óhugsandi að skaffa honum skó, er gögnuðu honum.

Hinn 27/3 voru gipsumbúðir fjarlægðar af vinstri ganglim.

Hinn 28/3 fékk Baldur orthopediska skó, sem honum gekk þó erfiðlega að nota í upphafi vegna þrota, er vildi sækja á fætturna.

Þetta minnkaði þó smám saman, eftir því sem hann jók gönguæfingar.

Kom enn til eftirlits 26/1 og 2/5'73, en síðast var hann hér til eftirlits 3/7'73.

Við skoðun þann dag voru áðurnefnd brot á vinstri leggjarbeinum og vinstra hælbeini + hægra hælbeini + kinnbeini vinstra megin gróin.

Við skoðun kom í ljós: Áberandi innfallinn í andliti vinstra megin, öll vinstri kinn og augnaumbúnaður vi. megin. Hreyfing í mjöðmum og hnjám eðlileg. Beygigeta í vinstri öklalið skert um 20 miðað við hægra megin. Hreyfing í smáliðum vinstri fótar, þ. e. subtalar liðum, er algerlega upphafin. Hreyfigeta í hægri öklalið virtist nánast engin. Var subtalar hreyfing hægra megin upphafin eins og vinstra megin. Hægri il mældist 29 cm. frá hæl að tá. Vinstri fótur mældist 26 cm. frá tám að hæl. Vi. ganglimur mældist 1,5 cm. styttri en hægri, mælt frá spina iliaca ant.sup. að medial malleol. Ummál vinstri kálfa 2 cm. meira en hægra megin. Ummál vinstra læris 15 cm. ofan hnéskeljar er 1½ cm. meira vinstra megin en hægra megin.

Niðurstæða: 39 ára gamall verkamaður, sem verður fyrir multiple áverka, er hann fellur af stillans í húsbyggingu h. 13/1 '72. Við slysið hlaut hann brot á II. lendarlið með verulegri lækkingun á lendarliðnum, rofi á liðböndum milli hryggjartinda II. og I. lendarliðar + þrengingu á mænugangi, vegna brotsins á nefndum lendarlið og veiklun á krafti í ganglimum þar af leiðandi. Hann fékk einnig smábrot á alla lendarliðina neðan þessa lendarliða, þ. e. II.—V. lendarliðs. Þessi brot eru nú gróin.

Hann hefur fengið talsvert mikinn mátt í fætur eftir þennan hryggjaráverka, en fær þó aldrei fullan kraft í ganglimi. Hætt er við, að hann geti fengið slitbreytingar í lendarliði út frá téðum multiple áverka á lendarliðina.

Hann hlaut einnig opið brot og mjög malað á hægra hælbein. Þetta brot er gróið. Hreyfigeta í fætinum er mjög skert eftir þetta, og er ekki að vænta, að hún batni hér eftir. Mikil hætta er á slitbreytingum í téðum smáliðum fótarsins eftir þetta hælbrot.

Hann hlaut mjög malað hælbrot á vinstra hælbein, og gildir það sama og sagt hefur verið um hægri fót. Hreyfigeta í þeim fæti engin í smáliðum fótarsins, og hreyfigeta í öklaliðnum er skert um 20%. Hann hlaut einnig kurlað brot ofarlega á vinstri legg, sem nú er gróið, en hefur orsakað, að vinstri ganglimur er 1½ cm. styttri en hægri. Þetta brot gekk inn í hnéliðinn.

Ógerlegt er á þessu stigi málsins að segja fyrir um, hvort það orsaki síðar slitbreytingar í vinstra hné.

Eins og er vinnur Baldur störf sem næturvörður með lítilsháttar ræstingarvinnu, svo hann vinnur um 4 tíma á sólarhring. Ógerlegt er fyrir þennan mann að snúa aftur til fyrri vinnu sem byggingaverkamaður vegna afleiðinga téðs slyss.

Varanlega örorku er of snemmt að segja um. Rétt væri að meta ástand sjúkl. að nýju eftir 1½ til 2 ár.“

Í niðurlagi vottorðs Sverris Bergmann, sérfræðings í tauga-sjúkdómum, dags. 28. maí 1975, segir svo um stefnanda: „Ég get ekki ímyndað mér, að umtalsverð breyting verði á ástandi þessa manns frá því sem nú er, nema þá kannski til hins verra, þ. e. a. s. að með aldrinum komi meiri óþægindi gigtareðlis, bæði í mjóbaki og ganglimi. Hinsvegar hlýtur enn að vera spurning um það, hvort eitthvað megi fyrir hann gera, og væri þá eðlilegast að orthoped fjallaði um það m. t. t. þess, hvort eitthvað væri hægt að laga fæturna á sjúkl., og eins getur verið spurning um það, hvort eigi að gera á honum myelogram m. t. t. hvort hann sé með stóran discus, en eins og fyrr greinir, er þetta ekki sérlega praktískt, þegar haft er í huga, að brotnám slíks brjós-kloss mundi sennilega lítið bæta nema hugsanlega eitthvað þreytuna í bakinu, sem er þó ekki hvað þjáir sjúkl. mest.

Augljóslega hefur þetta haft veruleg áhrif á vinnugetu hans. Hann verður nú að láta sér nægja vinnu, sem augljóslega gefur honum lítið í aðra hönd samanborið við þá vinnu, sem hann gat áður stundað.“

Þá liggur fyrir langt og ítarlegt vottorð Höskulds Baldurssonar bæklunarlæknis um stefnanda. Í upphafi segir þar svo:

„Ofanefndur sjúklingur kom til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum á stofu hans í Domus Medica þ. 24/19 og 31/19'75, og byggist vottorðið á niðurstöðum þeirrar skoðunar. Undirritaður hefur fengið afrit af læknabréfum varðandi legu sjúklings á slysadeild Borgarspítalans, þar sem greint er frá áverkum sjúkl., sjúkrahúslegu og þeirri meðferð, sem sjúkl. var veitt þar. Undirritaður hefur einnig fengið afrit af þeim rtg.lýsingum, sem fyrirliggjandi eru á Borgarspítala varðandi áverka sjúkl.

Í viðtali við sjúkl. kemur fram, að fleiri vottorð munu hafa verið skrifuð varðandi áverka sjúkl., en undirritaður hefur ekki séð eða aflað sér neinna þessara vottorða, þar sem skilningur hans var, að ætlunin væri að fá óháð álit fleiri lækna á áverkum sjúkl. og afleiðingum þeirra.“

Að endingu segir svo:

„Í lokin má segja í stuttu máli, að aðalkvartanir sjúkl. séu frá báðum fótum og frá mjóhrygg. Á báðum þessum stöðum hefur sjúkl. hlotið alvarleg brot ásamt liðskemmdum, og veldur þetta verulegum óþægindum, verkjum og mjög skertri vinnugetu. Búast má við, að ástand þetta verði að miklu leyti varanlegt, jafnvel má búast við, að einkenni sjúkl. vaxi eitthvað með árunum. Hugsanlegt er þó, að hægt væri að bæta eitthvað líðan sjúkl. frá fótum með subtalar arhtrodesum, þótt erfitt sé að meta, hversu mikil sú bót yrði.“

Lögreglurannsókn vegna slyssins hófst samdægurs, og lauk henni um miðjan júní s. á. með viðbótarskýrslum hinna slösuðu. Voru teknar skýrslur af fyrirsvarsmönnum Byggingamiðstöðvarinnar h/f, ýmsum þeim, sem störfuðu við bygginguna og borið gátu um aðdraganda slyssins að ýmsu leyti, en engir beinir sjónarvottar voru að því. Sæmundur Guðmundsson aðstoðarvarðstjóri gerði skýrslur um frumathuganir lögreglu á vettvangi. Segir þar á þessa leið:

„Þarna hafði orðið vinnuslys með þeim hætti, að 2 menn höfðu fallið með vinnupalli, sem þeir hafa verið að reisa á norðurenda fjölbýlishúss að Þverbrekku 2, fjórðu hæð, og voru 12 metrar frá efri brún vinnupallsins og niður á jörð. Búið hafði verið að setja upp 3 járnknekti á norðurenda hússins, og voru 4 metrar frá knekkti því, sem sett var á norðausturhorn hússins, og að knekkti því, sem bilaði að austanverðu við glugga á miðjum gafli þess, hinumegin við gluggann kom knekkti, og munu plankar þeir, sem notaðir voru í dekk vinnupallsins og voru 75—150 cm. að sverleika og 4,50 metrar að lengd, ekki hafa náð yfir á það knekkti. Knekktn voru úr vínkiljárn, og armurinn, sem var meðfram hlið hússins, var festur með einum 2 cm. sverum bolta með venjulegum haus, sem steypdur hafði verið 7,5 cm inn í vegginn ofantil móts við glugga, og hélt hann knekktinu að ofan, en ca. tveggja sm sver steypustálsteinn að neðan, sem gekk í gegnum gat neðst á knekktinu og varnaði því, að það gæti snúist.

Boltinn, sem bilaði, var í knekkti því, sem var austanverðu við glugga í gafli hússins, eins og fyrr segir, og voru 5,5 cm. frá steypubrún við glugga og að bolta. Brotnað hafði stykki úr veggnum meðfram glugganum um leið, eða við það hefur boltinn losnað.

Samkvæmt upplýsingum starfsmanns var steypd í vegg 4.

hæðar hússins mánudaginn 27. desember 1971, og hefur því steypan verið 17 daga gömul, en boltarnir voru steypdir fastir með steypu í veggjum.

Steypumót voru rifin utanaf húsinu í gær þ. 12.1.'72“.

Öryggiseftirliti ríkisins var strax tilkynnt um slysið. Í um-sögn Harðar Sigurðssonar öryggiseftirlitsmanns, dags. 20. júní 1972, segir á þessa leið:

„Ég undirritaður fór á slysstaðinn og skoðaði öll verksum-merki eftir slysið ásamt lögreglumönnum úr Kópavogi. Niður-staðan af þeirri athugun og lögregluskýrslum, sem teknar voru af þeim Guðjóni Þorsteinssyni og Baldri Jónassyni, er eftirfar-andi:

1. Vanþekking starfsmanna um uppsetningu vinnupalla af þeirri gerð, sem notaðir voru.

Skýringar:

- a) Það var ekki tekinn út vinnupallurinn af hálfu öryggis-
eftirlitsins og ekki óskað umsagnar um hann og jafnframt
að þessi uppsetning hefði aldrei verið samþykkt.
 - b) Að frágangur á burðarboltum, sem steypdir voru í vegg-
inn, var ekki nægjanlega góður í mótunum.
 - c) Að burðarvinklar vinnupallsins voru ekki reyndir fyrir
notkun.
 - d) Það var ekki vitað, hvað vinnupallurinn átti að geta borið
mikið.
2. Það, sem bilar, er, að bolti (burðarbolti), sem steypdur var
mjög skakkur í vegginn við glugga, eins og sézt á mynd nr.
I, sprengdi útúr kantinum, þegar ákveðinn þungi var kom-
inn á vinnupallinn, með fyrrgreindum afleiðingum.“

Hér fyrir dóminum hafa farið fram yfirheyrslur aðilja og vitna. Verður nú rakið hið helsta úr þeim skýrslum til frekari skýr-
ingar málavöxtum.

Stefnandi kom fyrir 5. apríl sl.

Hann skýrir svo frá, að í júlí eða ágúst 1971 hafi hann ráðist í vinnu við nýbygginguna Þverbrekku 2 í Kópavogi, sem verið var að reisa á vegum Byggingamiðstöðvarinnar h/f. Hafi hann unnið ýmis verkamannastörf, svo sem að rífa utan af mótum o. þ. h. Hinn 13. janúar 1972 hafi hann verið við það ásamt stefnda Guðjóni og Vilhjálmi nokkrum að koma fyrir vinnu-
pöllum á 4. hæð hússins, en pallana átti að nota við vinnu við 5. hæðina. Var pöllum þessum þannig komið fyrir, að festir voru tveir járnvinklar á steinvegginn með því að skrúfa vinklana

fasta á járnbolta, sem festir voru í steypunni. Voru þeir búnir að koma upp nokkrum pallanna og komnir á norðurgaflinn. Hafði hann veitt því athygli, að sumir skrúfboltanna höfðu skekkst, er steipt var, eða voru ekki eins langt inn í vegg og hægt var. Samt var það álit þeirra þriggja, að boltarnir væru nægilega traustir nema fyrir einn pallanna, sem var og heldur ekki settur upp. Baldur segir, að stefndi Guðjón hafi verið verkstjóri við bygginguna og því hafi verið litið á hann sem stjórnanda við uppsetningu pallanna. Á járnvinklana voru settir plankar, sem mynduðu gólf. Stóð stefnandi á slíku plankagólfi á palli, sem var nokkurn veginn á miðjum gaflinum, og var að koma fyrir handriði að vestanverðu. Kveðst hann ekki hafa vitað fyrr til en hann sveif í lausu lofti. Taldi hann sig hafa komið niður á fæturna, þótt hann muni það ekki greinilega. Man hann eftir því að vera fluttur á slysavarðstofuna.

Stefnandi telur, að Guðjón Þorsteinsson hafi skrúfað járnvinkilinn á boltann, sem steiptur hafði verið nálægt gluggabrún og var önnur festinganna á pallinum, sem féll. Hann kveðst hafa veitt því athygli, að þessi bolti muni hafa skekkst í steypunni, en vissi ekki, að hann væri ótraustur. Hann tekur fram, að hann hafi séð Guðjón slá með hamri á suma boltana til þess að koma járnvinklunum upp á þá.

Baldur kveðst vera alveg útilokaður frá allri venjulegri vinnu, sem hann hafi stundað áður. Hafi hann gert tilraun til þess að vinna hálfan daginn á trésmíðaverkstæði Byggingamiðstöðvarinnar h/f í janúarlök 1973, en hafi gefist upp eftir nokkrar vikur, þar sem honum var það alveg um megn. Í maí 1973 hafi hann ráðist sem næturvörður til O. Johnson & Kaaber og gegni því starfi enn. Fylgi því dálítill ræsting, sem hann sé um 3 tíma að vinna, og sé hann þá orðinn mjög þreyttur.

Guðjón Þorsteinsson gaf skýrslu í sama þinghaldi.

Hann skýrir svo frá, að hann hafi verið starfsmaður meðstefnda Björns og þeirra hlutafélaga, sem Björn átti aðild að ásamt Guttormi Sigurbjörnssyni frá árinu 1966. Hafi hann unnið við byggingu hússins nr. 2 við Þverbrekku frá upphafi sem starfsmaður Byggingamiðstöðvarinnar h/f. Hafi hann verið milli-göngumaður milli Guttorms framkvæmdastjóra, sem kom á hverjum degi og sagði fyrir um framkvæmdir, og hinna ábyrgu meistara, þ. e. húsasmiða-, múrara- og pípulagningameistara. Þá hafi hann annast alls konar efnisútvegum og aðdrætti og haft umsjón með vinnu trésmíða og verkamanna Byggingamiðstöðvar-

innar h/f. Hann kveðst ekki telja sig hafa verið verkstjóra, enda ekki á verkstjórakaupi, heldur á umsömdu kaupi, sem var svipað og trésmiðirnir fengu. Þá var hann ekki í verkstjórafélaginu.

Guðjón segir, að meðstefndi Björn, sem var skráður húsasmíðameistari á byggingunni, hafi ekki starfað neitt við bygginguna. Kveðst hann hafa haft samband við Björn, alltaf er á þurfti að halda með ráðleggingar og samráð.

Þegar húsið reis af grunni, hafi það orðið tímabært að ákveða, hvernig vinnupallar yrðu settir á það. Hafi Guttormur beðið sig að athuga með ýmsar gerðir vinnupalla. Þannig hafi það komið til, að hann fór á ýmsa staði og kynnti sér hinar ýmsu gerðir slíkra palla. Hafi hann gefið ákveðin fyrirmæli um, hvernig koma skyldi múrboltunum fyrir í mótunum, þ. á m. að þá skyldi festa í steypustyrktarjárnið. Hann tekur fram í sambandi við umræddan bolta, að hann hafi álitid hann nægilega öruggan, þrátt fyrir að hann var ekki alveg á þeim stað, sem hann átti að vera og hefði skekkst. Hann segir, að Páll Bjarnason verkamaður hafi komið boltunum fyrir í mótunum, þ. á m. boltanum, sem losnaði.

Guðjón segir, að er slysið skeði, muni hann hafa staðið á gólfi pallsins ásamt Baldri, sem var að koma fyrir handriði. Heyrði hann allt í einu smell og reyndi þá að gripa eitthvað með hægri hendinni, en man svo ekki eftir sér, fyrr en hann lá á jörðinni og einhver var að tala við hann.

Hann segir, að fyrirmyndin að uppsetningu vinnupallsins sé komin frá byggingafélagi atvinnubifreiðarstjóra, þar sem það hafi verið að byggja í Breiðholti á sínum tíma, og einnig kveðst hann hafa skoðað þannig uppsetningar hjá Guðmundi Þengilsyni byggingameistara og alls staðar hafi einungis einn bolti verið skrúfaður á hvern vinkil og segir, að algengt hafi verið annars staðar að hafa grennri bolta heldur en notaðir voru við bygginguna að Þverbrekku 2. Hann kveðst sjálfur hafa séð um smíði umræddra járnvinkla, sem Jón Ólafsson, til heimilis að Nesvegi 7, hafi gert.

Guðjón segist ekki hafa haft samráð við Vífil Oddsson verkfræðing um greinda járnvinkla, en Vífill hafði annast gerð allra verkfræðiteikninga vegna byggingarinnar. Hann segir, að verið geti, að slegið hafi verið á skrúfganginn á boltunum til þess að losa af þeim steypuhröngl. Hafi þá ekki verið slegið fast.

Björn Sigurðsson kom fyrir dóminn 14. apríl sl.

Í skýrslu hans kemur fram, að hann hafi verið skráður húsa-meistari að Þverbrekku 2, en hafi ekki unnið neitt við sjálfa bygginguna nema að því leyti, að hann sá um ísetningu plast-glugga á fyrstu 2—3 hæðirnar. Fyrir það verk hafi hann tekið sveinskaup trésmiða. Annað kaup eða þóknun hafi hann ekki fengið eða krafist af Byggingamiðstöðinni h/f.

Þar sem þessu hafi verið svona háttað, hafi Guðjón Þorsteinson trésmiður tekið að sér að vera verkstjóri á byggingarstað og tekið laun hjá Byggingamiðstöðinni h/f, enda hann sjálfur bundinn við stórbyggingu inni í Reykjavík. Segir hann Guðjón hafa starfað mjög mikið með sér allt frá árinu 1967 og hafi hann reynst mjög góður smiður, vandvirkur og athugull, og því hafi hann treyst honum fullkomlega fyrir verkstjórninni.

Björn segist ekki muna glöggst nú, hvernig sambandi þeirra Guðjóns hafi verið háttað, meðan á framkvæmdum stóð, en segist treysta því að hafa borið nákvæmlega rétt um málavexti að því leyti sem öðru hjá lögreglu skömmu eftir slysið, en þar segir, að þeir Guðjón hafi haft svo að segja daglegt símasamband um byggingarframkvæmdirnar.

Björn segist ekki muna til þess að hafa haft nokkur afskipti af vinnuþöllum þeim, sem í málinu greinir, hvorki að því er varðaði gerð né uppsetningu.

Vífill Oddsson verkfræðingur bar vitni í sama þinghaldi.

Vífill skýrir svo frá, að hann hafi annast gerð verkfræðiteikninga vegna byggingarinnar Þverbrekku 2 í Kópavogi. Hafi hann unnið það verk á eigin vegum að ósk forráðamanna Byggingamiðstöðvarinnar h/f. Hafi hann fylgst með járnalögn í húsið á þann hátt, að hann kom á staðinn, ef eitthvað kom upp á eða þurfti skýringar með og til hans var leitað. Hins vegar hafi hann ekki haft stöðugt eftirlit með þessu verki.

Hann kveðst engin afskipti hafa haft af vinnupallaútbúnaði þeim, sem verið var að setja upp á norðurhlið hússins að Þverbrekku 2, þegar umrætt slys varð. Hann segir, að það sé misskilningur, að hann hafi gefið fyrirmyndina að slíkum útbúnaði, sem þar hafi verið notaður. Hins vegar hafi ætlunin verið að nota sams konar vinnupalla og Öryrkjabandalagið var með á þessum tíma, það er að segja á langhliðum hússins. Hann kveðst því ekki hafa haft afskipti af umræddum vinnuþöllum. Hafi það alls ekki verið innifalið í þeirri verkfræðivinnu, sem um var beðið. Hann segir, að verið geti, að einhvern tíma hafi verið rætt um það við sig að steypa bolta í veggina til að festa vinnuþöllum upp, en um

það hafi samt ekkert verið ákveðið né frá gengið við sig. Hann kveðst svo hafa verið beðinn um að koma á staðinn, þegar umrætt slys varð, til þess að skoða verksummerkin.

Vífill segir það vera álit sitt, að umræddir vinnupallar hefðu verið í lagi, ef rétt væri staðið að uppsetningu þeirra og festingu í stein. Hann álitur samt, að boltarnir hefðu þurft að vera a. m. k. 6" langir.

Hann segist ekki hafa séð eða kynnt sér uppsetningu umræddra vinnupalla fyrr en eftir slysið. Uppsetning pallsins, sem féll niður, hafi einkennst af ákveðinni handvömm. Boltinn hafi verið of stuttur, settur í of nálægt gluggabrún og svo hefði hann skekkst, en það atriði varð til þess, að er vinkillinn var skrúfaður, hafi boltinn leitast við að sprengja sig út úr steypunni.

Vífill segir það álit sitt, að það sé á sviði trésmíða að annast uppsetningu vinnupalla við húsbyggingar. Hann álitur það verksvið trésmíða að festa bolta, svo sem hér um ræðir, við járnverkið í steypumótunum.

Björn A. Kristjánsson, sem var múrarmeistari byggingarinnar, bar vitni 25. apríl sl. Hann segir það hafa verið samkomulag með sér og Guttormi framkvæmdastjóra, að hann sæi aðallega um múrverkið í húsinu, en starfsmenn Byggingamiðstöðvarinnar sæju um alla járnalögn og steypingu veggja og platna. Var hann ætíð sjálfur viðstaddur, er steyp var, svo og einn starfsmanna hans, Ólafur Egilsson.

Björn segist ekkert hafa haft með vinnupalla að gera, hvorki gerð þeirra né uppsetningu.

Hann segir, að Guðjón Þorsteinsson hafi verið verkstjóri á staðnum og hafi þeir oft haft samband sín á milli út af verklegum þáttum, t. d. úttektum. Hann kveðst ekki minnst þess að hafa haft nokkurt samband við Björn Sigurðsson húsasmíðameistara út af verkinu né man hann eftir að hafa nokkurn tíma séð hann við bygginguna.

Réttargæslustefndi Guttormur Sigurbjörnsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Byggingamiðstöðvarinnar h/f, kom fyrir dóminn þennan sama dag.

Hann skýrir svo frá, að stefndi Björn Sigurðsson hafi verið einn af stofnendum Byggingamiðstöðvarinnar h/f og í stjórn félagsins, er byrjað var á umræddri byggingu. Kveður Guttormur það ekki hafa verið hugsað sem bráðabirgðaráráðstöfun, er Björn skráðist meistari á húsið. Guttormur kveður Björn og menn hans hafa séð um ísetningu allra glugga í húsið. Hann segist

ekki muna nú launakjör Björns, en kveðst álíta, að þau hafi verið eins og hjá iðnmeisturum almennt. Hann kveðst ekki muna fyrir víst, hvort Björn fékk sérstaka meistarabóknun fyrir vinnu sinna manna, en álítur það líklegt. Hins vegar hafi Björn ekki fengið meistarabóknun vegna byggingarinnar í heild.

Guttormur segir, að stefndi Guðjón hafi verið verkstjóri á staðnum og tekið laun hjá Byggingamiðstöðinni h/f. Hann kveðst ekki muna, hvernig launakjörum hans var háttað, en borguð hafi verið öll launatengd gjöld vegna hans. Hann kveðst ekki muna, hvort verkstjóratrygging hafi verið tekin vegna Guðjóns fyrir slysið. Man hann, að ekki var gerð nein krafa á Brunabótafélagið hans vegna.

Aðspurður segist Guttormur telja, að samband stefnda Björns og Guðjóns varðandi bygginguna hafi verið eins og eðlilegt megi telja.

Hann segir, að er umrædd bygging var að rísa, hafi, er ástæða þótti til, verið haldnir óformlegir fundir um framkvæmdatriði, oft í kaffitíma á mánudögum. Komu þá saman á skrifstofu Byggingamiðstöðvarinnar h/f arkitekt, verkfræðingur, byggingameistarar og verkstjóri. Kveðst hann ekki muna betur en að Björn Sigurðsson sækti fundi þessa eins og aðrir.

Um vinnupallana segir hann það sama og hann bar við lög-
reglurannsóknina daginn eftir slysið, að fyrirmynd þeirra hafi verið komin frá byggingu á vegum Öryrkjabandalagsins á þeim tíma. Hafi Guðjón Þorsteinsson kynnt sér sérstaklega notkun þeirra og meðferð.

Loks kom fyrir dóminn 9. f. m. Páll Bjarnason, sem að framan er nefndur.

Hann skýrir svo frá, að sumarið 1971 hafi hann ráðið sig í vinnu við húsið Þverbrekku 2 í Kópavogi, sem þá var í byggingu á vegum Byggingamiðstöðvarinnar h/f. Kveðst hann hafa snúið sér til Guðjóns verkstjóra við bygginguna og beðið hann um vinnu. Var hann þá ráðinn af Guðjóni til starfa. Gekk hann að almennum verkamannastörfum og tók m. a. að sér í ákvæðisvinnu að rífa utan af mótum og naglhreinsa. Er hann hóf störf, var búið að steypa upp kjallara byggingarinnar, að hann best man. Er komnar voru þrjár eða fjórar hæðir, var gert ráð fyrir vinnuþöllum og utan á steinveggina, og voru þeir festir með boltum, sem festir voru í veggina, er steyppt var. Var honum falið að koma boltunum fyrir í göt á mótunum, sem gerð höfðu verið. Segir hann, að Guðjón verkstjóri hafi sagt sér fyrir verkum

með þetta. Kveðst Páll hafa fest þessa skrúfbolta við járnabindinguna, þar sem það var hægt, en við gluggabrúnir var það ekki hægt, þar sem járnabindingin náði ekki nógu langt.

Páll segist ekki muna nú, hvort Guðjón verkstjóri sagði fyrir, hvernig ætti að festa umrædda bolta, en hann man, að boltarnir voru of stuttir, þannig að þeir náðu ekki í gegnum mótin, og við gluggabrúnir var ekki hægt að festa þá í járnabindinguna. Kveðst hann hafa sagt Guðjóni frá þessu, og varð þetta ágreiningsefni þeirra, þótt hann muni ekki nú, hvernig orð féllu. Við lögreglurannsóknina hálfum mánuði eftir slysið sagði Páll um þetta atriði, að Guðjón verkstjóri hefði sagt, að það yrði að fylgjast með boltunum og laga þá til í steypunni, um leið og hellt væri í mótin. Ekki vissi hann, hvort svo hefði verið gert.

Stefnandi leggur áherslu á það í rökstuðningi sínum, að öll atvik málsins séu skýr og ljós og fullkomlega upplýst. Orsakir slyssins, sem málið rísi af, liggi fyrir og verði engan veginn mót-mælt neinum gildum rökum, en þær séu aðallega þrenns konar, að boltinn, sem halda átti uppi stálvinklinum, sem vinnupallurinn hvíldi á öðrum megin, hafi verið of stuttur, settur í of nálægt gluggabrún og svo hefði hann skekkst, er steypu var hellt í mótin, en síðasttalda atriðið hafi leitt til þess, að er vinkillinn hafi verið skrúfaður að húsveggnum, hafi myndast spenna og og boltinn leitast við að sprengja sig út úr steypunni. Uppsetning vinnupallsins hafi því óvefengjanlega einkennst af ákveðinni handvömm. Beri báðir stefndu ábyrgð á henni, Björn Sigurðsson sem húsasmíðameistari og Guðjón Þorsteinsson sem verkstjóri á staðnum.

Útbúnaður og uppsetning vinnupallanna hafi verið stórlega ábótavant, enda ekki kynnt fyrir né leitað eftir samþykki Öryggiseftirlits ríkisins. Liggi fyrir það álit af hálfu Öryggiseftirlitsins, að samþykki þess hefði aldrei fengist fyrir uppsetningarútbúnaðinum.

Stefndi Björn Sigurðsson, skráður húsasmíðameistari byggingarinnar, beri hina formlegu hlutlægu ábyrgð á allri trésmíðavinnu við bygginguna samkvæmt skýrum ákvæðum í byggingarsamþykkt Kópavogs. Vinnupallar, gerð þeirra og uppsetning sé á verksviði trésmíða. Auk þess beri byggingameistari sérstaka ábyrgð á vinnuöllum, styrkleika þeirra og öryggi samkvæmt ákvæði í 23. gr. lögreglusamþykktar Kópavogs.

Öll gögn málsins leiði eindregið til þeirrar niðurstöðu, að slysið megi rekja til vanbúnaðar, eftirlits- og öryggisleysis á stór-

hættulegum vinnustað. Stefndu sýni af sér vangá og vanrækslu og jafnvel vanþekkingu. Eigi þetta jafnt við um stefnda Guðjón, sérlegan staðarverkstjóra og stjórnanda gerðar og uppsetningar vinnupallanna, stefnda Björn, hinn ábyrga húsasmíðameistara, og réttargæslustefnda, byggingaraðiljann, sem hafi verið fullkomlega með í ráðum um framkvæmd verksins. Vegna gjaldþrots Byggingamiðstöðvarinnar h/f sé ekki unnt að sækja þann aðilja til sektar fyrir hinum almenna einkamáladómstóli, en kröfu sé lýst í protabúið. Beri því að leggja óskoraða bótaábyrgð á stefndu in solidum. Allavega falli ábyrgð þeim á hendur samkvæmt reglunum um hættulegan atvinnurekstur.

Stefnandi vísar því alfarið á bug, að um nokkra sök sé að ræða hjá honum sjálfum, enda séu fullyrðingar stefndu í þá átt eigi studdar neinum haldbærum rökum. Komi því sakarskipting eigi til greina.

Af hálfu stefnda Björns Sigurðssonar er því haldið fram, að með áritun hans á teikningum hússins Þverbrekku 2 hafi hann tekið ábyrgð á, að framkvæmdir við bygginguna yrðu í samræmi við samþykktu uppdætti, veitt leyfi, lög og reglur, sem til greina kynnu að koma við byggingu hússins. Aðrar starfskyldur verði naumast talið, að hann hafi tekið að sér, og alls engar sem atvinnurekandi, sem unnt yrði að leiða af skaðabótaskyldu.

Fyrir liggja í málsskjölum álit Arnfinns Bertelssonar byggingaverkfræðings ásamt þverskurðarmynd, sem segi, að festingar þær, sem hér um ræði á vinnupallauppistöðum, meir en fullnægi ýtrustu styrkleikakröfum. Þessu áliti hafi ekki verið hnekkð í hinu minnsta tilliti. Sé því sannað, að festingar þær, sem hér um ræði, hafi í sjálfu sér verið nógu góðar. Mistök starfsmanna Byggingamiðstöðvarinnar h/f við uppsetningu járnvinkilsins sé orsök slyssins. Gerð vinnupallanna og uppsetning þeirra hafi í engu atriði verið borin undir Björn Sigurðsson né nokkurn mann í hans þjónustu. Þá hafi Björn eða menn hans engin afskipti haft af uppsetningunni. Þar hafi eingöngu komið við sögu starfsmenn Byggingamiðstöðvarinnar h/f. Því verði stefnandi að snúa sér til félagsins út af slysinu, þar sem ekki verði séð, að saknæmisreglur, reglur um ábyrgð á verkum starfsmanna né aðrar grundvallarreglur skaðabótaréttar gefi tilefni til að leggja bótaábyrgð á herðar Birni.

Hafi stefnandi reyndar viðurkennt þetta sjónarmið, að Byggingamiðstöðin h/f sé ein bótaskyld, með því að beina kröfum

sínum að henni í upphafi og móttaka greiðslur af ábyrgðartryggingu félagsins upp í tjón sitt. Í þessu sambandi sé rétt á það að benda, að félagið hafi ekki verið lýst gjaldþrota fyrir en á árinu 1975, en grundvöllur bótakröfu stefnanda, endanlegt örorkumat, hafi legið fyrir í ársbyrjun 1974. Því sé það fyrir vangeymslu eina, að stefnandi hafi ekki í tíma tryggt kröfur sínar á hendur félaginu, t. d. með kyrrsetningu. Verði hann að bíða hallann af þessari yfirsjón sinni.

Í greinargerð af hálfu Björns Sigurðssonar er því haldið fram, að bótakrafa stefnanda sé fallin niður fyrir fyrningu. Þessari málsástæðu var ekki hreyft við munnlegan málflutning.

Sýknukrafa Guðjóns Þorsteinssonar er studd þeim rökum fyrst og fremst, að hann beri hvorki ábyrgð á slysinu, sem málið stafi af, með culpa ábyrgð né hlutlægi ábyrgð. Fullyrðingum stefnanda um saknæmt atferli af hans hálfu sé vísað á bug sem ger-samlega ósönnuðum.

Því sé algerlega mótmælt, að Guðjón hafi verið verkstjóri við byggingu Þverbrekku 2 með ábyrgð sem slíkur, enda hafi hann einungis þegið laun sem almennur trésmiður á tímakaupi og hefði ekki meistararéttindi. Hafi hann hins vegar verið nokkurs konar milligöngumaður og umsjónarmaður fyrir byggingaraðilja og séð um, að framfylgt væri fyrirskipunum Guttorms Sigurbjörnssonar framkvæmdastjóra, sem komið hefði daglega á vinnustaðinn. Þar að auki hafi meðstefndi Björn Sigurðsson verið meistari við bygginguna og hljóti hann sem slíkur að bera alla ábyrgð á faglegum hliðum, svo sem frágangi vinnupalla. Það sé því ekki við Guðjón Þorsteinsson að sakast, ef öryggi vinnupalla væri ábótavant. Hönnun þeirra og umleitan til öryggis-eftirlits um samþykki hafi ekki verið í hans verkahring.

Því sé vísað á bug, sem stefnandi haldi fram, að Guðjón skuli teljast til þeirra, sem beri ábyrgð á slysinu samkvæmt reglum íslensks réttar um ábyrgð á hættulegum atvinnurekstri. Slík ábyrgð eigi að falla á meistaran eða byggingaraðiljann sjálfan. Þar komi daglaunamaðurinn ekki til greina.

Um ábyrgð samkvæmt almennu skaðabótareglunni sé alls ekki að ræða. Hafi Guðjón rækt starf sitt vel og verði honum eigi um kennt, að boltinn losnaði úr vegg hússins með þeim afleiðingum, að pallurinn féll. Boltinn hafi verið lagður í steypumót af öðrum mönnum og enn aðrir hafi hellt steypu í mótin. Virðist hann hafa skekkst og verið of nálægt gluggakanti. Þetta óhapp hafi Guðjón engan veginn getað séð fyrir. Þar að auki vissi hann

ekki betur en boltinn væri fastur í steypujárngrind í veggnum, svo sem gert hafði verið á hæðinni fyrir neðan, enda hefði það verið í samræmi við fyrirmæli hans.

Álit dómsins og niðurstaða.

Málgögn, sér í lagi skýrslur beggja stefndu hér fyrir dómi og fyrir lögreglu skömmu eftir slysið, veita eindregna stoð ályktun á þá leið, að Guðjón Þorsteinsson, sem var faglærður trésmiður með töluverða starfsreynslu, hafi raunverulega gegnt verkstjórnarstörfum við bygginguna og verið í vissum skilningi fulltrúi eða staðgengill hins skráða húsasmíðameistara, Björns Sigurðssonar. Verður því að meta ábyrgð hans í starfi með tilliti til þessarar stöðu hans.

Guðjón Þorsteinsson kynnti sér vinnupallagerð á ýmsum byggingarstöðum að boði framkvæmdastjóra Byggingamiðstöðvarinnar h/f, og valdi hann síðan þann búnað, sem hér um ræðir.

Það er skoðun dómsins, byggð á álit hinna sérfróðu meðdómenda, að þessi búnaður hafi verið í tæpasta lagi hvað fullt öryggi áhrærði, þannig að varla mátti nokkru skeika með uppsetningu, svo hætta væri ekki á ferðum.

Tilfinnanlegt í þessu efni var, að skrúfboltarnir voru fullstuttir.

Guðjón Þorsteinsson, sem að eigin sögn hafði samband við meðstefnda Björn Sigurðsson, alltaf er á þurfti að halda með ráðleggingar og samráð, gerði það ekki með vinnupallabúnaðinn. Ekki leitaði hann heldur neitt annað til prófunar eða staðfestingar á öryggisþætti hans. Svo mikið sem hér var í húfi, að fyllsta öryggis væri gætt við vinnupallabúnað háhýsis, verður ekki hjá því komist að meta Guðjóni til sakar, hvernig að þessu var staðið.

Fram er komið ótvírætt, að það sem afdrifaríkast var og telja verður hina beinu orsök slyssins, eru mistök þau, sem gerð voru með staðsetningu og festingu skrúfboltans, sem losnaði. Guðjóni Þorsteinssyni var ljóst, að umræddur bolti var ekki rétt staðsettur og hafði skekkst. Hann sinnti ekki, svo séð verði, viðvörunum Páls Bjarnasonar, sem setti boltana í mótin, né virðist hann hafa látið fylgjast sérstaklega með þeim, er steypunni var hellt í. Svo sem hér stóðu sakir, verður Guðjón Þorsteinsson talinn hafa sýnt af sér saknæmt atferli, sem eigi að leiða til bótaábyrgðar hans gagnvart stefnanda.

Með undirskrift á teikningar háhýsisins Þverbrekku 2 tókst

Björn Sigurðsson á hendur meistaraábyrgð. Hvort hann fékk sérstaka þóknun fyrir það eða ekki, skiptir hér ekki máli. Meistaraábyrgðin sneri bæði að hinum opinberu byggingaryfirvöldum sem og öðrum vegna allra faglegra þátta trésmíðasviðs byggingarinnar, þ. á m. gerð og uppsetningu vinnupalla.

Björn Sigurðsson gegndi ekki venjulegum meistaraskyldum með því að hafa sjálfur umsjón og eftirlit með verkinu af ástæðum, sem vörðuðu hann sjálfan og gerð er grein fyrir hér að framan. Þessar ástæður leystu hann ekki undan meistaraábyrgðinni. Því var það á hans ábyrgð og áhættu, hvernig til tækist með verkið að því er varðaði trésmíðapáttinn.

Í upphafi var vitað, að vinnupalla þyrfti, er byggingin þokaðist upp á við. Öryggi vinnupalla og búnaður þeirra verður að teljast vega þungt í starfsskyldum byggingameistara háhýsis.

Sem byggingameistari gat Björn Sigurðsson átt síðasta orðið varðandi búnað og uppsetningu vinnupalla. Hafði hann í raun fullt skipunarvald í þessu efni sem og öðru varðandi trésmíðina. Hann gat átt þess kost að láta stöðva framkvæmdir, ef hann teldi einhverju áfátt faglega eða öryggis vegna. Á þetta reyndi ekki, þar sem hann hafði í raun ekkert eftirlit eða umsjón.

Björn Sigurðsson lætur þar við sitja, að Guðjón Þorsteinsson stjórnari algerlega trésmíðavinnunni og komi einnig í hans stað sem umsjónar- og eftirlitsaðili. Svo sem upplýst er um samband þeirra, meðan á verkinu stóð, verður að telja, að Björn hafi í raun samþykkt staðgengils- eða fulltrúahlutverk Guðjóns. Þótt málgögn veiti því nokkra stoð, verður ekki talið sannað gegn eindreginni neitun beggja stefndu, að svo hafi verið um samið í upphafi, að Guðjón gegndi í raun hlutverki Björns við bygginguna. Verður því bótaábyrgð á hendur Birni ekki leidd af reglunum um húsbóndaábyrgð.

Þegar það er virt, sem nú er sagt, og hinar hörmulegu afleiðingar slyssins hafðar í huga og sú staðreynd, að Björn Sigurðsson sinnti í engu meistaraskyldum um umsjón og eftirlit, þykir verða að meta það honum beint til sakar og bótaábyrgðar gagnvart stefnanda. Í þessu efni er rétt að hafa í huga, að af málgögnum má ráða, að samband þeirra Guðjóns virðist hafa farið minnkandi eftir því sem verkinu miðaði. Guðjón kynnti ekki né hafði samráð við Björn út af vinnupallabúnaðinum, og Björn hafði ekki hugmynd um vinnupalla við bygginguna fyrr en eftir slysið, að hann sjálfur segir. Var þó sannanlega byrjað að setja palla upp a. m. k. 4—6 vikum áður en bolti sá var settur í steypu-

mótin, sem losnaði. Skoðað í þessu ljósi verður vanræksla Björns um eftirlit og umsjón skýrari og tilfinnanlegri.

Af hálfu beggja stefndu er því haldið fram, að stefnandi eigi vissa sök á slysinu vegna gáleysis. Þessar staðhæfingar þykja eigi studdar neinum haldbærum rökum. Eru því eigi efni til sakarskiptingar. Verður samkvæmt ofansögðu lögð óskoruð bótaábyrgð á stefndu in solidum, enda eigi fallist á, að bótakrafan sé fyrnd.

Þótt fallast megi á rök stefndu fyrir bótaábyrgð Byggingamiðstöðvarinnar h/f, verður eigi talið, að það teljist vera vangeymsla af hálfu stefnanda, eins og hér stóðu sakir, að hann tryggði ekki hugsanlegar kröfur sínar gegn félaginu, áður en það var úrskurðað gjaldþrota.

Veður nú tekin afstaða til fjárhæðar dómkröfu stefnanda, en hún sundurliðast þannig:

I. Öror kubætur skv. rskj. nr. 7 og 23 (niðurst. kr. 7.756.300)	kr. 9.000.000
Frádráttur skv. sundurliðun í greinargerð á rskj. 2, sbr. rskj. 8 og 9	— 2.545.642
	<hr/>
	Kr. 6.454.358
II. Miskabætur	— 1.500.000
III. Útlagður kostnaður skv. rskj. 10 og 24	kr. 57.515
+ gr. frá Brunabótafél.	— 9.481 — 48.034
	<hr/>
	Kr. 8.002.392

Um I. Öror kubætur.

Björn Önundarson tryggingayfirlæknir hefur metið öror kubætur stefnanda af völdum slyssins. Í mati læknisins, sem dagsett er 24. febr. 1976, eru rakin læknisvottorð þau, sem vitnað er til hér að framan. Þá segir svo um grundvöll þess og niðurstöðu:

„Slasaði kom til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum h. 9.1. '76. Áður hafði verið framkvæmt öror kubætur af Stefáni Guðnasyri, fyrrv. tryggingayfirlækni, vegna þessa slyss h. 11.7. '73. Vegna þess að ný vottorð hafa borist í málinu, þ. e. vottorð Sverris Bergmanns, sérfræðings í taugasjúkdómum, og vottorð Höskuldar Baldurssonar, bæklunarlæknis, þykir nú ástæða til að endurskoða þetta fyrra mat. Eins og áður segir, skeði slysið með þeim hætti, að slasaði féll af vinnupalli ca. 12 metra fall og hlaut í slysi þessu hælbrott báðum megin, fract. comminuta

crurissin. et fract. columnae lumbalis. Þá hlaut slasaði og fract. os. zygomatica sin. Slasaði kvartar um úthaldsleysi, verk í mjóhrygg, verk í báðum hælum og upp í kálfa og almennt magnleysi í fótum. Gengur lítilsháttar haltur á vinstri ganglim.

Álit: Það er um að ræða tæpl. 42 ára gamlan verkamann, sem h. 13. 1. janúar (sic) 1972 slasaðist, er hann datt af vinnupalli, ca. 12 metra fall. Í slysi þessu hlaut slasaði brot á báðum hælbeinum, brot á vinstri lærlegg, brot á vinstra kinnbeini og brot á lendarhluta hryggjar.

Slasaði er talinn hafa verið með öllu óvinnufær frá slysdegi 13. 1. '72 í 12 mánuði, og hlaut hann dagpeningagreiðslur frá Slysatryggingardeild Tryggingastofnunar ríkisins fyrir það tímabil. Eftir það telst slasaði hafa verið lítt vinnufær í 3 mánuði, og verulega telst starfsgeta slasaða hafa verið skert þar á eftir í 2 mánuði og loks töluvert skert.

Eins og áður er frá greint, var slasaði fluttur beint af slysstað á Slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík, síðan vistaður á legudeild sömu deildar frá slysdegi 13.1. '72 til 11.4. '72. Endurtekið var slasaði síðan vistaður á Borgarspítalanum, og loks mun hann hafa verið til æfingameðferðar á æfingastöð fatlaðra og lamaðra á Háaleitisbraut í Reykjavík.

Sjúklingur kvartar um þreytuverk í baki, sem að liggur úr bakinu og út á glutealsviðin báðum megin. Slasaði tekur fram, að hann þreytist mjög fljótt og verði að taka sér góðar hvíldir, ef hann reynir að vinna eitthvað. Slasaði kvartar um nokkur óþægindi frá vinstra hnésvæði, en hreyfingar í þeim lið virðast þó vera eðlilegar. Þá kvartar slasaði og um dofa í vinstra gagnauga, vinstri kinn og vinstri helmingi efri varar. Vinstra augað virðist töluvert innfallið og eventulegt standa nokkuð lægra en hið hægra. Við skoðun sést áberandi deformitet á báðum ökklum, þó meira vinstra megin. Fætur bólggnir um og neðan við ökkjalið. Mjög mikil valgusstaða á báðum hælum, ör á hægra fæti undir malleolus med. svo og á il. Flexio og extensio á báðum ökkjaliðum er nokkuð eðlileg, en eversio og inversio hreyfingar í subtalar liðum eru að kalla engar. Vinstri ganglimur mælist ca. 3 cm. styttri en sá hægri. Það er nokkurt palpabel deformitet á vinstri tibiae medíalt og proximált, og það er vottur af varusveigju á ofanverðum vinstri fótlegg. Þegar sjúkl. stendur, er vinstri crista iliaca nokkuð lengri en sá hægri vegna styttingar á vinstri ganglim. Það er greinileg kyphosa í efsta hluta lendar-

hryggs eða á móts við L I til L II. Aðrar kliniskar afmyndanir verða ekki greindar. Á röntgenmyndum, sem nýlega voru teknar, kemur í ljós, að lengdarbogi beggja fóta er upphafinn að kalla. Bæði hælbein eru gróin, en mjög deformeruð, calcaneus samfallin einkum um framanvert beinið. Talo-calcaneal liðir virðast hafa eyðilagst, þar sem bæði hælbein hafa brotnað mjög illa. Spontan arthrodesis í calcaneo-cuboid lið vinstra megin. Greinilegar osteophyta-myndanir í talo-navicularlið vinstra megin. Nokkur liðbilsþrenging í vinstri öklalið. Rtg.myndir af vinstri fótlegg sýna vel gróin brot í proximal tibiae og fibulae. Á hliðarmynd af vinstri fótlegg sést nokkur cavitet í tibiae á brotstað, þar sem hér hefur verið mjög comminut brot að ræða, en leggurinn er vel og örugglega gróinn. Á rtg.mynd af hné má greina, að brotlína hefur náð upp í vinstri hnélið, en þetta er allt vel gróið, og skekkja er engin sjáanleg eða stallmyndun á rtg.myndum af vinstri hnélið. Á rtg.myndum af columnae lumbo sacralis sést mjög áberandi compression á liðbol L I. Á hliðarmynd sést, að hæð liðbola þessa að aftan er 3,7 cm., en að framan um 1,6 cm. Til samanburðar að hæð liðbolar Th XII er að aftan 4 cm. og að framan 3,5 cm. Disc-þófabilið milli Th XII og L I er nokkuð reducerað, það eru osteophytar milli Th XII og L I liðbolarins, og á framan frá mynd sést, að beinsamruni virðist hafa orðið á milli L I og Th XII. Á framan frá mynd af columnae lumbalis sést jafnframt, að compressionin á L I er assymetrisk, þannig að liðbolurinn hefur comprimerast hægra megin. Hæð liðbolarins vinstra megin er 3 cm., hægra megin 2 cm. Conturur á liðbolum L I eru nokkuð óljósar, og getur maður ekki með vissu greint þar nein brot. Ekki sjást nú nein áberandi merki um þau, sem urðu á öðrum lendarliðum. Sumir lendarliðbolir, einkum L III og L IV, eru nokkuð biconcav með alldjúpar hvilftir í endafleti, en brjóskþófabil virðast nokkuð eðlileg, og engin greinileg merki sjást um fyrri fracturur. Á efri brúnum liðbols L IV sjást þó greinilegar osteophyptamyndanir. Sacroiliacliðir líta eðlil. út.

Eins og áður er fram komið, eru aðalkvartanir sjúkl. frá fótum og frá mjóhrygg. Á báðum þessum stöðum hefur sjúklingur hlotið alvarleg brot ásamt liðskemmdum, og veldur þetta verulegum óþægindum, verkjum og mjög skertri vinnugetu. Ekki er hægt að gera ráð fyrir, að ástand batni, heldur hið gagnstæða.

Þar sem ekki þykir nú líklegt, að um frekari bata af afleiðingum þessa slyss verði að ræða, þykir nú tímabært að meta þá

tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og þykir hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi 13.1. '72 í 12 mánuði	100%
Eftir það í 3 mánuði	75%
Eftir það í 2 mánuði	65%
Varanlega	45%“

Af hálfu stefndu er ofangreint mat ekki vefengt.

Stefnandi hefur lagt fram útreikninga Jóns Erlings Þorlákssonar um fjárhæð taps áætlaðra vinnutekna stefnanda. Um forsendur útreikninganna og niðurstöðu segir svo í bréfi Jóns Erlings, dags. 12. mars 1976:

„Örorka af völdum slyssins er metin þannig, sbr. mat Stefáns Guðnasonar, dags. 8. ágúst 1973, og bréf Páls Sigurðssonar, dags. 15. jan. 1974:

Frá slysdegi í 1 ár	100%
Eftir það í 3 mánuði	75%
Eftir það í 2 mánuði	50%
Eftir það varanlega	45%

Samkvæmt ljósritum af skattframtölum Baldurs voru vinnutekjur hans næstu 3 árin fyrir slysið sem hér segir:

Árið 1969	kr. 189.953
— 1970	— 308.531
— 1971	— 370.495

Það kemur fram á skattframtölum, að mikill hluti teknanna árið 1969 er af landbúnaði. En það ár seldi Baldur bújörð sína á Skógarströnd ásamt vélum og áhöfn og flutti í Kópavog. Hóf hann þá vinnu við fiskvinnslustöðvar og síðar byggingavinnu.

Tekjur Baldurs árin 1970 og 1971 eru mjög nálægt meðaltekjum verkamanna í Reykjavík þessi ár, en tekjurnar 1969 eru talsvert lægri. Með hliðsjón af þeirri breytingu, sem varð á högum hans það ár og áður var getið, tel ég réttara að sleppa árinu 1969 í tekjuviðmiðun og miða aðeins við árin 1970 og 1971.

Tekjur árána 1970 og 1971 hef ég umreiknað með breytingum á meðaltímakaupi verkamanna í Reykjavík samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar með áætlun fyrir þann tíma, sem skýrslurnar ná ekki til. Koma þá út árstekjur kr. 1.382.200 miðað við kaupgjald eins og það er nú.

Með framangreindri kaupviðmiðun eru áætlaðar tekjur og tekjutap sem hér segir:

	Tekjur	Tekjutap
1. árið eftir slysið	476.000	476.000
2. árið eftir slysið	618.000	322.200
3. árið eftir slysið	927.400	417.300
4. árið eftir slysið	1.189.000	535.000
Síðan árlega	1.382.200	622.000

Höfuðstólsandvirði framangreinds vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi, miðað við 7% ársvexti:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 595.100
Vegna varanlegrar örorku	— 6.307.200

Samtals kr. 6.902.300

Ef miðað er við 7% ársvexti til 16. maí 1973, 9% frá þeim tíma og til 15. júlí 1974 og 13% ársvexti eftir það, en sá vaxta-grundvöllur hefur gjarnan verið notaður síðustu missirin, þá fæst höfuðstólsandvirðið:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 595.100
Vegna varanlegrar örorku	— 4.200.600

Samtals kr. 4.795.700

Í útreikningnum eru notaðar dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til skatta, hugsanlegra launa í veikindaforföllum, slysdagpeninga eða slysa-bóta frá Tryggingastofnun ríkisins.“

Jón Erlingur hefur nú í ársbyrjun reiknað á ný verðmæti taps áætlaðra atvinnutekna stefnanda. Í bréfi hans, dags. 9. febr. sl. segir svo m. a.:

„Með bréfi, dags. 24. jan. sl., óskið þér, hr. lögmaður, að ég geri nýjan útreikning á ofangreindu tjóni með tilliti til núverandi kaupgjalds. Jafnframt óskið þér, að ég láti í ljós álit um, hvernig taka beri greiðslur frá Brunabótafélagi Íslands og Tryggingastofnun ríkisins, sem inntar voru af hendi á árunum 1973—1976, inn í dæmið.

Tekjur árána 1970 og 1971 hef ég umreiknað með breytingum á tímakaupi verkamanna samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar. Koma þá út árstekjur kr. 2.794.000 miðað við kaupgjald eins og það er nú.

Á framangreindum forsendum eru áætlaðar tekjur og tekjutap af völdum slyssins sem hér segir:

	Áætlaðar tekjur	Tekjutap
1. árið eftir slysið	476.000	476.000
2. árið eftir slysið	618.800	322.200
3. árið eftir slysið	927.400	417.300
4. árið eftir slysið	1.190.500	535.700
5. árið eftir slysið	1.570.300	706.600
6. árið eftir slysið	2.166.000	974.700
Síðan árlega	2.794.000	1.257.300

Höfuðstólsandvirði framangreinds vinnutekjutaps reiknast mérnema á slysdagi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 595.100
Vegna varanlegrar örorku	— 7.161.200

Samtals kr. 7.756.300

Við útreikning höfuðstólsandvirðis eru notaðir 7% ársvextir til 16. maí 1973, 9% frá þeim tíma til 15. júlí 1974 og 13% eftir það. Þá eru notaðar dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til hugsanlegra launa í veikindaförföllum, slysdagpeninga eða annarra slysabóta né heldur skatta.

Að því er snertir greiðslur frá tryggingaaðilum, sem þegar hafa verið inntar af hendi, þá tel ég, að ekki eigi að umreikna þær með tilliti til kaup- eða verðbreytinga. En að sjálfsgöðu ber að færa þær til í tíma með vöxtum. Þetta er í samræmi við það, að tekjutap á liðnum tíma er ekki umreiknað vegna kaupbreytinga, heldur miðað við laun eins og þau voru á hverjum tíma.“

Stefndu, sem báðir mótmæla fjárhæð örorkubótanna sem allt of hárrí, hafa fært það fram í rökstuðningi sínum fyrir lækku, að taka beri mið af útreikningum tryggingafræðingsins, en alls ekki upphæð þeirri, sem stefnandi byggir á kröfulið þennan. Þá beri að lækka bætur með tilliti til hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsis bóta. Enn fremur telja þeir, að framreikna beri verðmæti greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins og Brunabótafélagi Íslands svo og launa frá Byggingamiðstöðinni h/f og reikna

einnig með vöxtum af þessum greiðslum. Benda þeir og á, að stefnandi hafi í raun fengið á sínum tíma fullar bætur fyrir tíma- bundna örorku. Hið sama megi segja um örorkubæturnar, er litið sé til fjárhæðar kröfu hans á þeim tíma, þegar hann fékk greiðslur frá tryggingarfélaginu og tryggingastofnun.

Rétt þykir að ákvarða örorkubætur á grundvelli líkindareiknings Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings.

Þegar bætur eru ákveðnar samkvæmt þessum kröfulið, þykir verða að taka tillit til hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsis bóta. Verður og haft í huga, hvenær stefnandi fékk samnings- bundnar slysabætur og örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkis- ins í formi eingreiðslna, svo og launagreiðslur frá atvinnuveit- anda slysárið. Þess er þó að gæta, að ekki hefur verið framreiknað vægi þessara greiðslna miðað við útreikninga þá, sem hér liggja fyrir, og að álykta má, að hluti þessa fjár hafi gengið til greiðslu útlagðs kostnaðar vegna slyssins og málareksturs þessa.

Þegar þetta er virt, sem nú er sagt, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 2.400.000.

Um II. Miskabætur.

Af hálfu stefnanda er vísað til sjúkrasögu hans sem rökstuð- nings fyrir miskabótakröfunni. Heldur hann því fram, að hún sé sist of há.

Stefndu hafa mótmælt miskabótakröfunni sem allt of hárrí.

Að framan er rakið, hver lemstur stefnandi hlaut af völdum slyssins og afleiðingum þeirra og sjúkrasaga hans rakin. Þegar þetta er virt og annað það, sem hér þykir skipta máli, þykja miskabætur til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 700.000.

Um III. Útlagður kostnaður.

Krafa stefnanda samkvæmt þessum lið hefur ekki sætt töluleg- um andmælum. Er hér um að ræða óhjákvæmilegan kostnað við undirbúning málsins. Verður kröfuliður þessi tekinn óbreyttur til greina.

Eftir því, sem að ofan segir, telst tjón stefnanda nema samtals kr. 3.148.034, og ber að dæma stefndu in solidum til greiðslu þeirrar fjárhæðar.

Stefndu halda því fram, að vextir lengra aftur í tímann en fjögur ár frá stefnudegi að telja séu fyrndir. Þá er því og fram haldið, að ekki beri að dæma vexti af miskabótum lengra aftur í tímann en frá útgáfudegi stefndu.

Samkvæmt 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 voru eldri vextir en

4 ár aftur í tímann fyrndir, er stefna hafði verið birt báðum stefndu hinn 20. júní 1977. Ber því að reikna upphafstíma vaxta af heildarbótunum samkvæmt því.

Eftir þessum úrslitum ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 480.000.

Dómur þessi er upp kveðinn af Ólafi Stefáni Sigurðssyni héraðsdómara og meðdómendunum Guðmundi Magnússyni byggingaverkfræðingi og Kristni Kristinssyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndu, Björn Sigurðsson og Guðjón Þorsteinsson, greiði in solidum stefnanda, Baldri Jónassyni, kr. 3.148.034 með 9% ársvöxtum frá 20. júní 1973 til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977 og 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 480.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.
